

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 6. maí 2021 eftirfarandi:

Kinnargata 92, óveruleg deiliskipulagsbreyting Urriðaholts, 1. áfanga, austurhluta.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að fjölgað verði um eina íbúð á lóðinni (jarðhæð) og að byggingarreitur bílakjallara breytist.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst 2021 eftirfarandi:

Kirkjulundur 17, óveruleg deiliskipulagsbreyting miðbæjar – þjónustuverfi.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir kaldri geymslu út fyrir byggingarreit.

Vesturtún 38, óveruleg deiliskipulagsbreyting Túnahverfis.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall fari úr 0,35 í 0,43 og leyfi er gefið fyrir að svalir á gafli hússins fari út fyrir byggingarreit um 1,6 m.

Vesturtún 40, óveruleg deiliskipulagsbreyting Túnahverfis.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall fari úr 0,35 í 0,43 og leyfi er gefið fyrir að svalir á gafli hússins fari út fyrir byggingarreit um 1,6 m.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 29. september 2021.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2021